

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/34/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11753 – MARS/ KELLANOVA)	1
2025/EES/34/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11825 – VERBUND/ SW MÜNSTER/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2025/EES/34/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11854 – ZALANDO/ ABOUT YOU)	3
2025/EES/34/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11954 – SOLINA/ PORTOBELLO/EUROCEBOLLAS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2025/EES/34/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11973 – EVH GE/HSBC/ ESG KRAFTWERKE WETTIN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2025/EES/34/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11985 – KKR/TMUS/USI/ RIDGEVIEW/JKT HOLDINGS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2025/EES/34/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11986 – KKR/STONEPEAK/ ASSURA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2025/EES/34/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11990 – CLEARLAKE/DUN & BRADSTREET) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

2025/EES/34/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11996 – EMIF II HOLDING/AC/AC LOGISTICS HOLDINGS CORPORATION) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2025/EES/34/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12007 – STONE POINT/GTCR/ULTIMUS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2025/EES/34/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12011 – PPF/ITIS HOLDING) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2025/EES/34/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12014 – STONEPEAK/REPSOL/PECOS RENEWABLES JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2025/EES/34/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11486 – NOVO HOLDINGS/NOVO NORDISK/CATALENT)	13
2025/EES/34/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11766 – NVIDIA/RUN:AI)	13
2025/EES/34/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11889 – AMCOR/BERRY)	14
2025/EES/34/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11927 – IK PARTNERS/SAGARD/STERIMED)	14
2025/EES/34/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11931 – LONE STAR/RADICI)	15
2025/EES/34/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11935 – CARLYLE/SK CAPITAL PARTNERS/BLUEBIRD)	15
2025/EES/34/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11950 – SALLING GROUP/RIMI BALTIC)	16
2025/EES/34/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11953 – PSPIB/CBRE/AGIV)	16
2025/EES/34/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11965 – BCI/BROOKFIELD/CGM GROSVENOR/SHEPHERDS FLAT WIND)	17
2025/EES/34/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11970 – TPG/MAVCO/PJ/COBRA OPCO)	17
2025/EES/34/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11979 – NEW MOUNTAIN/FRANCISCO PARTNERS/OFFICE ALLY)	18
2025/EES/34/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11980 – PSPIB/CPPIB/CINTRA/407)	18
2025/EES/34/25	Tilkynning um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. júlí 2023 þar sem lýst er yfir að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (Mál M.10806 – BROADCOM/VMWARE) (tilkynnt með númeri C(2023) 4654)	19

2025/EES/34/26	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	20
2025/EES/34/27	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	21
2025/EES/34/28	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	22
2025/EES/34/29	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	23
2025/EES/34/30	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	24

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11753 – MARS/KELLANOVA)

2025/EES/34/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mars, Incorporated („Mars“, Bandaríkjunum).
- Kellanova (Bandaríkjunum)

Mars öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Kellanova í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Mars er söluaðili á ýmsum matvörum um allan heim, þar á meðal tyggigúmmí, súkkulaði, sælgæti, hrísgrjónum eða gæludýrafóðri.
- Kellanova (áður Kellogg Company) framleiðir einkum og markaðssetur tilbúið morgunkorn og ósæta snarlfæðu um allan heim.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 27.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11753 – MARS/KELLANOVA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11825 – VERBUND/SW MÜNSTER/JV)**

2025/EES/34/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- VERBUND AG („VERBUND“, Austurríki)
- Stadtwerke Münster GmbH („SW Münster“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum borgarinnar Münster (Þýskalandi)

VERBUND og SW Münster ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki (JV).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- VERBUND er austurrískt orkufyrirtæki sem starfar einkum við framleiðslu og afhendingu á raforku. Í Þýskalandi starfar Verbund í gegnum VERBUND Energy4Business Germany GmbH, einkum við að útvega orkuvörur og þjónustu til viðskiptavina.
- SW Münster ber ábyrgð á almennri orkuveitu, einkum orkuveitu, og almenningssamgöngum í borginni Münster.

3. Starfsemi hins nýstofnaða sameiginlega félags (JV) verður sem hér segir:

- Skipulag, bygging, rekstur og markaðssetning á rafhlöðugeymslu í þéttbýli í borginni Münster.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 26.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11825 – VERBUND/SW MÜNSTER/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11854 – ZALANDO/ABOUT YOU)

2025/EES/34/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Zalando SE („Zalando“, Þýskalandi)
- ABOUT YOU Holding SE („About You“, Þýskalandi)

Zalando nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir About You í heild.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökuþilboði sem tilkynnt var 11. desember 2024.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Zalando er opinberlega skráð nethlutafélag sem starfar á sviði tísku og lífstíls. Zalando starfar við smásölu á netinu og á netmarkaði. Zalando veitir einnig stoðþjónustu (uppfyllingu pantana, vörustjórnun og markaðssetningu) sem og hugbúnaðarlausnir fyrir samþættingu verkvangs.
- About You er opinberlega skráður smásöluaðili á netinu sem starfar á sviði tísku og lífstíls. Auk starfsemi sinnar sem smásöluaðili á netinu veitir About You viðbótarþjónustu (uppfyllingu pantana, skipulagningu og markaðssetningu). About You annast einnig netverslunarþjónustu í gegnum SCAYLE verkvanginn.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 28.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11854 – ZALANDO/ABOUT YOU

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/34/04

(mál M.11954 – SOLINA/PORTOBELLO/EUROCEBOLLAS)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Solina France SASU („Solina“, Frakklandi), sem lýtur yfirráðum Astorg Asset Management S.à R.L. („Astorg“, Frakklandi)
- Portobello Capital Gestion, SGEIC, S.A. („Portobello“, Spáni)
- Solions Ingredients, S.L. („Eurocebollas“, Spáni), sem lýtur yfirráðum Grupo Alimentario Alberola S.L.U. („GAA“, Spáni) og Portobello

Solina og Portobello öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Eurocebollas.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Solina er franskt fyrirtæki sem annast afhendingu á arómatískum og hagnýtum innihaldsefnum fyrir matvinnsluðnað, einnig viðskiptavini sem annast veitingasölu og smásölu á matvælum, sem og í næringargeiranum í Evrópu.
- Portobello er meðalstórt spænskt hlutafélag sem starfar sjálfstætt.

3. Starfsemi Eurocebollas er sem hér segir: að hanna, þróa, framleiða og markaðssetja tilbúna grænmetislausnir og innihaldsefni á Spáni.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 26.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11954 – SOLINA/PORTOBELLO/EUROCEBOLLAS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/34/05

(mál M.11973 – EVH GE/HSBC/ESG KRAFTWERKE WETTIN)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EVH Grüne Energie – Beteiligung GmbH & Co. KG („EVH GE“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum borgarinnar Halle (Þýskalandi)
- HSBC Alternative Investments S.C.A. SICAV-RAIF („HSBC Alternative Investments“, Lúxemborg), sem tilheyrir HSBC-samstæðunni (Bretlandi)
- ESG Kraftwerke Wettin GmbH & Co. KG („ESG“, Þýskalandi)

EHV GE og HSBC Alternative Investments öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir ESG.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EVH GE starfar við framleiðslu og afhendingu á rafmagni, gasi og varma ásamt því að þróa og reka viðeigandi aðstöðu.
- HSBC Alternative Investments er fjárfestingarfélag sem tilheyrir HSBC samstæðunni. HSBC samstæðan starfar við ýmis svið bankastarfsemi.

3. ESG mun reka sólarorkugarð í Merbitz, Þýskalandi.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 27.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11973 – EVH GE/HSBC/ESG KRAFTWERKE WETTIN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/34/06

(mál M.11985 – KKR/TMUS/USI/RIDGEVIEW/JKT HOLDINGS)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR“, Bandaríkjunum)
- T-Mobile USA, Inc. („TMUS“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Deutsche Telekom AG (Þýskalandi)
- U.S. Internet Corp. („USI“, Bandaríkjunum), Ridgeview, Inc. („Ridgeview“, Bandaríkjunum) og JKT Holdings, Inc. („JKT Holdings“, Bandaríkjunum)

KKR og TMUS öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir USI, Ridgeview og JKT Holdings.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR er fjárfestingarfyrirtæki sem starfar um allan heim og annast eignastýringu sérhæfðra eigna og fjármagns-markaðs- og tryggingalausnir.
 - TMUS er þráðlaust fjarskiptafyrirtæki sem veitir þjónustu um allt land, tal-, skilaboða- og gagnþjónustu í Bandaríkjunum, Púertó Ríkó og á Bandarísku Jómfrúreyjum.
3. Starfsemi USI, Ridgeview og JKT Holdings er sem hér segir: að veita ljósleiðarþjónustu á netinu og hlutlausu samnýtingarþjónustu fyrir flutningsaðila í Bandaríkjunum.
4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 27.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11985 – KKR/TMUS/USI/RIDGEVIEW/JKT HOLDINGS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11986 – KKR/STONEPEAK/ASSURA)**

2025/EES/34/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR & Co.“ Bandaríkjunum)
- Stonepeak Partners LP („Stonepeak“, Bandaríkjunum) sem lýtur yfirráðum Michael Dorrell
- Assura plc (hið sameiginlega félagið, „JV“, Bretlandi)

KKR og Stonepeak öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagið (JV) í heild.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökutilboði sem tilkynnt var 9. apríl 2025.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KKR er fjárfestingarfyrirtæki sem starfar um allan heim og annast eignastýringu sérhæfðra eigna og fjármagns-markaðs- og tryggingalausnir.
- Stonepeak er fjárfestingarfyrirtæki sem starfar á sviði sérhæfðra fjárfestinga um allan heim og sérhæfir sig í innviðum og fasteignum.
- Hið sameiginlega félag (JV) er sérhæfður fjárfestir og verktaki í heilbrigðisþjónustu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 27.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11986 – KKR/STONEPEAK/ASSURA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11990 – CLEARLAKE/DUN & BRADSTREET)

2025/EES/34/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Clearlake Capital Group, L.P. (Bandaríkjunum)
- Dun & Bradstreet Holdings, Inc. (Bandaríkjunum)

Clearlake Capital Group, L.P. öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Dun & Bradstreet Holdings, Inc. í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Clearlake Capital Group, L.P. er fyrirtæki sem leggur áherslu á framtaksfjárfestingar en í safni þess er að finna félög á sviði hugbúnaðar og þjónustu sem byggja á tækni, orku, iðnaðar, sem og neytendavöru og matvöru. Clearlake Capital Group, L.P. starfar á heimsvísu.
- Dun & Bradstreet Holdings, Inc. er alþjóðlegt gagna- og greiningarfyrirtæki sem sérhæfir sig í skýrslugerð og áhættumati á viðskiptalánunum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 26.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11990 – CLEARLAKE/DUN & BRADSTREET

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11996 – EMIF II HOLDING/AC/AC LOGISTICS HOLDINGS CORPORATION)

2025/EES/34/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EMIF II Holding III B.V. („EMIF II Holding“, Hollandi) sem lýtur yfirráðum A.P. Møller Capital P/S („APMC“, Danmörku)
- Ayala Corporation („AC“, Filippseyjum)
- AC Logistics Holdings Corporation („AC Logistics“, Filippseyjum)

APMC, í gegnum EMIF II Holdings, og AC öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir AC Logistics.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- APMC er innviðasjóðsstjóri sem leggur áherslu á samgöngur, skipulag og orkuskipti.
- AC hefur hagsmuni af fyrirtækjum sem fást við fasteignir, fjármálaþjónustu, fjarskipti, orku, heilbrigðisþjónustu, flutninga, iðnaðartækni, innviði, menntun og tækni.

3. Starfsemi fyrirtækisins AC Logistics er sem hér segir: vöruflutningar, vöruheimsla og frystigeymsla á Filippseyjum.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 28.5.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11996 – EMIF II HOLDING/AC/AC LOGISTICS HOLDINGS CORPORATION

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.12007 – STONE POINT/GTCR/ULTIMUS)

2025/EES/34/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Stone Point Capital LLC („Stone Point“, Bandaríkjunum)
- GTCR LLC („GTCR“, Bandaríkjunum), sem hefur sem stendur yfirráð sér í lagi með Ultimus Group LLC („Ultimus“, Bandaríkjunum)

Stone Point og GTCR öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Ultimus.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Stone Point er fjárfestingarfyrirtæki með aðsetur í Bandaríkjunum, sem leggur áherslu á fjárfestingar í fyrirtækjum sem starfa við alþjóðlega fjármálaþjónustugeirann og tengda geira. Fyrirtækið fjárfestir í mörgum sérhæfðum eignaflokkum, m.a. framtaksfjárfestingum í gegnum forystuverkefni sitt Trident Funds. Stone Point stýrir einnig bæði lausafjár- og einkaskuldaskjóðum og aðskildum reikningum.
